

# Leiðin til „Jafnréttislands“


„Hindrunin er leiðin.“  
Kínverskur málsháttur

<b>Málefni</b>	Jafnrétti kynjanna, mismunun og útlendingahatur, menntun
<b>Þyngdarstig</b>	Stig 3
<b>Hópstærð</b>	4+
<b>Tími</b>	90 mínútur
<b>Yfirlit</b>	Í þessu verkefni reynir á hópvinna, ímyndunarafl og teiknihæfileika við umfjöllun um jafnrétti kynjanna og mismunun gagnvart konum.
<b>Tengd réttindi</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að þurfa ekki að sæta mismunun vegna kynferðis.</li> <li>• Rétturinn til hjúskapar að fúsum vilja hjónaefna.</li> <li>• Rétturinn til sérstakrar verndar mæðra fyrir og eftir barnsburð.</li> </ul>
<b>Markmið</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Að skapa skilning og viðurkenningu á jafnrétti kynjanna.</li> <li>• Að þróa innsæi og skapandi hugsun til að geta séð framtíðina fyrir sér.</li> <li>• Að stuðla að réttlæti og tillitsemi.</li> </ul>
<b>Efniviður</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Eitt pappírblað af stærðinni A4 og einn blýantur á hvern hóp.</li> <li>• Stór pappírblöð (A3) eða flettistöflublöð, ein örk á hvern vinnuhóp.</li> <li>• Merkipennar í mismunandi litum, nógu margir fyrir vinnuhópana.</li> <li>• Kort, helst göngukort eða annað slíkt kort sem sýnir landslag, svo sem fjöll, dali, ár, skóga, þorp, brýr o.s.frv.</li> </ul>
<b>Undirbúningur</b>	• Skoðaðu vel kortið og áttaðu þig á táknum sem eru notuð.

## Leiðbeiningar

1. Útskýrðu fyrir þátttakendum að í þessu verkefni eigi þeir að teikna ímyndað kort af leiðinni til „Jafnréttislands“, lands þar sem ríkir raunverulegt jafnrétti kynjanna. Það verður til í framtíðinni en núna er það aðeins til í huga fólks.
2. Spyrðu þátttakendur hvort þeir þekki einhverjar þjóðsögur eða aðrar sögur sem nota líkinguna um ferðalag persónu til að flytja siðferðislegan boðskap. Nefndu til dæmis hvernig dimmur skógur er notaður sem líking illsku eða rautt og fallett epli sem tákni freistingar. Ferðalangurinn verður að sýna hugdirfsku með því að sýna yfir straumharðar ár eða hugulsemi með því að hjálpa nauðstöddu dýri.
3. Rifjaðu stuttlega upp hvernig kort líta út. Bentu á hvernig útlínur eru dregnar, litinn á fjöllum og ám og hvernig skógar, heiðalönd, byggingar o.s.frv. er táknað.
4. Segðu þátttakendum að skipta sér í fjögurra til fimm manna vinnuhópa. Dreifðu litlu blöðunum og pennunum og gefðu þeim um 15 mínútur í þrjár stuttar hugarflugslotur um:

### MÁLEFNI



### JAFNRÉTTI KYNJANNA




### MISMUNUN



### MENNTUN

### ÞYNGDARSTIG



### STIG 3

### HÓPSTÆRÐ



### 4+

### TÍMI



### 90 MÍNÚTUR

- hvernig þau hugsa sér Jafnréttisland
  - hvaða hindrunum þau gætu mætt á leiðinni þangað
  - hvernig þau myndu yfirstíga hindranirnar
5. Dreifðu nú stóru pappírblöðunum og merkipennunum. Láttu hvern hóp búa til sitt eigið kort sem sýnir landslag nútíðar og framtíðar og stíg sem liggur þar á milli. Þátttakendur eiga að búa sér til eigin tákna fyrir landfræðilegu fyrirbærin og fyrir hindranirnar og úrræðin sem er að finna á stígunum.
  6. Gefðu hópunum 40 mínútur til að teikna kortin. Minntu þá á að búa til lykil að táknum sem þeir hafa notað.
  7. Láttu alla koma saman og segðu þátttakendum að kynna kortin sín.

### Samantekt og mat

Fyrst skal ræða samstarf í hópunum, hvernig það gekk, hvernig þeir ákváðu hvað ætti að sýna og aðferðina sem þeir notuðu við að teikna kortið. Síðan skal halda áfram og ræða um hindranirnar og hvernig Jafnréttisland gæti verið í raun og veru.

- Fannst þátttakendum verkefnið skemmtilegt? Hvers vegna?
- Hver af spurningunum þremur var auðveldust viðfangs? Hver var erfiðust og hvers vegna?
- Hver voru megineinkenni Jafnréttislands?
- Hver er helsta hindrunin fyrir því að samfélag þeirra, eins og það er núna, geti orðið hið fullkomna Jafnréttisland?
- Hverju þarf að breyta til að hægt sé að byggja upp þjóðfélag þar sem jafnrétti kynjanna ríkir?
- Er jákvæð mismunun réttlæt看leg sem skammtímaúrræði til að stuðla að jafnrétti kynjanna?
- Ef þið ættuð að gefa landi ykkar einkunn fyrir jafnrétti karla og kvenna í samanburði við öll önnur lönd í heiminum, hvaða einkunn fengi það á kvarðanum 1 til 10? 1 er mikið ójafnrétti, 10 er nær fullkomið jafnrétti.
- Hvaða öðrum hópum er mismunað í þjóðfélagi ykkar? Hvernig kemur það fram? Hvaða mannréttindi eru brotin?
- Hvernig er hægt að gera bágstöddum hópum kleift að krefjast réttar síns?
- Hvaða hlutverki gegnir menntun í því sambandi?

### Ábendingar til leiðbeinanda

Ef þátttakendur komast í þrot með myndræna útfærslu hugmynda sinna mætti koma þeim af stað með því að taka sem dæmi konu sem notar dirfskubru til að fara yfir fordómafljótið gegn konum sem vilja verða bifvélavirkjar. Annað dæmi gæti verið karlmaður sem finnur ánægjugimstein í vinnu sem leikskólakennari. Auðvitað þarf að finna dæmi um staðalmyndir kynjanna sem standast í þessu samfélagi!

## Tilbrigði

Hóparnir gætu gert líkön af landslaginu með því að nota ýmisskonar „dót“. Þá þarf gott safn af litlum kössum, boxum, túpum, pappír, steinum, hnetum, snærisspottum, garnspottum, pappírsklemmum o.s.frv. og einnig lím og karton til að nota sem grunn undir líkönin.

Sú aðferð að teikna kort frá nútíð yfir til framtíðar hentar yfirleitt þegar ætlast er til að þátttakendur láti hugann reika og beiti ímyndunaraflinu til að finna lausn á vandamálum.

## Tillögur um framhald

Fjalla mætti áfram um kynin eða einhver önnur málefni sem bar á góma. Til dæmis gætu þátttakendur leitað heimilda á bókasafninu eða Netinu eða beðið fulltrúa samtaka sem beita sér fyrir jöfnum tækifærum tiltekins þjóðfélagshóps að koma í heimsókn.

Einnig mætti fjalla um mismunun og réttinn til menningarlegrar sjálfsmyndar í tengslum við sjálfbæra þróun í verkefninu „Hvalveiðar Makah-ættbálksins“ á bls. 132.

## Hugmyndir um aðgerðir

Þátttakendur gætu skoðað stefnu skólans, félagsins eða vinnustaðarins um jöfn tækifæri kynjanna og rætt hvernig hún kemur út í framkvæmd og hvort þörf er á breytingum eða sérstöku átaki svo að þar ríki „Jafnréttisland“.

## Nánari upplýsingar

Hugmyndin að baki þessu verkefni er byggð á enska hugtakinu „empowerment“ sem á íslensku mætti kalla „efling“. Þetta er hugtak sem erfitt er að þýða og útskýra, jafnvel á ensku! „Efling“ er bæði aðferðin og árangurinn af fræðslustefnu sem sumir kalla „frelsi og menntun“.

Ein skilgreiningin á hugtakinu „efling“, frá Oxfam, er:

„Efling felst í því að ráðast gegn þeim myndum kúgunar sem neyða milljónir manna til að gegna hlutverki í samfélaginu við verri skilyrði en aðrir, eða þannig að þeim sé neitað um mannréttindi.“

## Lykildagsetning

**25. nóvember**

Alþjóðadagur gegn ofbeldi á konum